



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

16. febrúar 2012

Málsnr.: <i>R/2020039</i>
Skjalasafn Ráðhúss
17. feb. 2012
Bréfalykill: <i>L-175</i>

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1277
komudagur 1.3.2012


Á fundi Umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur 16. febrúar 2011 var tekið fyrir eftirfarandi:

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011 – 2022.

Lögð var fram tillaga til þingsáætlunar og umsögn umhverfis- og samgönguráðs.
Ólafur Bjarnason kynnti.

Fulltrúar Æ, S og D í umhverfis- og samgönguráði samþykktu umsögnina. Fulltrúi VG sat hjá.

Virðingarfyllst,


Gunnar Hersveinn
fræðslufulltrúi

Meðfylgjandi:
Umsögn Umhverfis- og samgönguráðs



Umhverfis- og samgöngusvið hefur
vottað umhverfisstjórnunarkerfi í
samræmi við staðalinn ISO 14001

Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík
Sími 411 1111
Fax 411 8505
www.umhverfissvid.is

Til umsagnar er þingskjal 534 - Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011 – 2022. Borgarráð fól umhverfis- og samgönguráði að gera umsögnina.

1. Stefnumótun

1.1 Markmið um greiðar samgöngur.

Nýjar áherslur vekja athygli. Í stað megináherslu á ferðatíma til höfuðborgarinnar er sérstök áhersla lögð á samgöngur til atvinnu og þjónustukjarna í einstökum landshlutum. Engu að síður er mikilvægt að styrkja umferðarmestu þjóðvegi út frá höfuðborgarsvæðinu og gera þá öruggari.

Fagnað er nýjum áherslum er lúta að stuðningi við almenningssamgöngur og hjólreiðar milli þéttbýlisstaða og innan þeirra sem hluta af heildstæðu samgöngukerfi. Þessar áherslur eru í fullu samræmi við stefnumörkun í samgöngum í Reykjavík.

Um Reykjavíkurlugvöll segir í stefnumótunarkafla;
“f. Gerð verði félagshagfræðileg úttekt á framtíð áætlunarflugs innan lands. Teknar verði upp viðræður milli ríkisins og Reykjavíkurborgar og tryggt að Reykjavíkurlugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt”

Áréttað er að í staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir að flugvöllurinn í Vatnsmýri víki í áföngum og N-S brautin verði lögð af árið 2016.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að taka þátt í umræddri úttekt á áætlunarflugi eins og verið hefur á fyrri stigum þegar um framtíð Reykjavíkurlugvallar hefur verið fjallað. Með sameiningu á rekstri Keflavíkur- og Reykjavíkurlugvallar, sem orðin er, gefast tækifæri til samreksturs og hagræðingar.

Ástand efnahagsmála hefur bitnað á innanlandsflugi eins og öðrum samgöngum í landinu og farþegum fækkað. Boðuð eru 250 mkr. hækkuð lendingargjöld á ári. Vegakerfi innanlands er stöðugt að batna og landssamgöngur verða greiðari. Innanlandsflug hefur takmakaða möguleika til orkusparnaðar og orkuskipta. Þessir þættir eru til umhugsunar þegar fjallað er um líklegt umfang áætlunarflugs innanlands til framtíðar.

Reykjavíkurborg er reiðubúin til viðræðna um framtíð Reykjavíkflugvallar hið fyrsta.

Mikilvægt er að skapa rými í Vatnsmýri til þéttingar byggðar í Reykjavík. Reykjavíkurborg gerir kröfu til þess að þriðja flugbrautin í Reykjavík 06-24 verði lögð niður hið fyrsta til að rýma fyrir uppbyggingu. Þétting byggðar er grundvöllur fyrir umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

1.2 Markmið um hagkvæmar samgöngur

Fagnað er áherslum sem stuðla að breyttum ferðavenjum, að gegnsærri verðlagningu í samgöngum og hagkvæmni við uppbyggingu samgöngumannvirkja. Ekki síður er áriðandi á erfiðleikatímum að horfa til mikilvægis og hagkvæmni þess að fyrirbyggjandi samgöngukerfi sé vel við haldið.

Tekið er undir bættu nýtingu á samgöngukerfum sem fyrir eru og að álagstoppa í morgunumferð. Reykjavíkurborg hefur það á verkefnalista að stærri fyrirtæki geri samgönguáætlanir og samgöngusamninga til að fjölga þeim sem ekki nota einkabíl á leið í vinnu og skóla.

1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur

Það er markmið Reykjavíkurborgar ekki síður en ríkisins að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum samgangna og minnka losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Fagnað er nýjum áherslum og ábyrgð á umhverfisþáttum umferðar svo sem hávaða og loftmengun.

Reykjavíkurborg er reiðubúin að vinna með ríkinu að skilgreiningu og uppbyggingu á grunnneti hjólreiðastíga og almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu, en Reykjavíkurborg hefur einmitt haft frumkvæði að gerð sérreina fyrir almenningsgöngur. Mikilvægt er að kortleggja og meta þá möguleika sem fyrir hendi eru til að greiða fyrir almenningsgöngum á þjóðvegum höfuðborgarsvæðisins einkum á asatímum. Vinna við það er í undirbúningi í samvinnu við Vegagerðina.

Fagnað er metnaðarfullu verkefni til að efla almenningsgöngur á höfuðborgarsvæðinu með 1000 mkr. árlegu framlagi ríkisins til höfuðborgarsvæðisins.

Orkuskipti og nýting innlendrar orku í samgöngum er mikilvægt viðfangsefni á komandi árum. Reykjavíkurborg ætlar að vera í fararbroddi í þeim efnum. Til að ná settu markmiði um minni losun gróðurhúsalofttegunda á tímabili samgönguáætlunar verður nauðsynlegt að nýta innlenda orku til samgangna að hluta til. Í samgönguáætlun mættu sjást áþreifanleg skref í þessa átt td. með stuðningi við uppbyggingu orkustöðva meðfram þjóðvegum og í þéttbýliskjörnum.

1.4 Markmið um öryggi í samgöngum.

Umferðaröryggi er og verður leiðarljós í samgöngum. Of margir slasast eða láta lífið í umferðinni. Uppsetning myndavéla til að fylgjast með hraða og réttri notkun umferðarljósa er mikilvæg til að auka umferðaröryggi.

Lækkun umferðarhraða á þjóðvegum gegnum þetta byggð í borginni er augljós leið til að auka umferðaröryggi. Óskað er eftir samstöðu um slíkar breytingar. Borgarumferð er um margt sérstök. Taka þarf sérstakt tillit til byggðar og umhverfis hvað varðar hraða umferðar, hávaða- og loftmengun. Hóflegur hraði og virkt hraðaeftirlit er mikilvægt til að auka umferðaröryggi og koma í veg fyrir háskaakstur.

2. GRUNNETIÐ

Vegir í grunnneti

Skrá yfir vegi í grunnneti er lögð fram. Því er harðlega mótmælt að vegaskrá er lögð fram án skýringa á skilgreiningum veganna og á breytingum sem

gerðar eru án alls samráðs við sveitarfélög sem eiga mikilla hagsmuna að gæta.

Ríkið afhendir með þessu tiltekna þjóðvegi sveitarfélögum til eignar og þar með rekstrar án fjárframlaga. Þrátt fyrir niðurstöðu Samgönguráðuneytisins að Vegagerðinni bæri að semja um afhendingu umræddra vega við sveitarfélögin er viðræður við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Álftanes á frumstigi. Þess er krafist að vegaskrá sem var í gildi fyrir endurskoðun vegalaga árið 2007 standi þar til samningar hafa náðst.

3. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN, ÚTGJÖLD OG HELSTU FRAMKVÆMDIR Í GRUNNETI.

3.3.2 Vegagerðin

Stofnkostnaður við stofn- og tengivegakerfi er samtals 92.6 milljarðar á 12 ára tímabili samgönguáætlunar.

Innan þessa ramma eru almenn verkefni á höfuðborgarsvæðinu svo sem bætt umferðarflæði, almenningssamgöngur, umferðarstýring, öryggisaðgerðir, hjóla- og göngustígar, göngubrýr og undirgöng alls 7.3 milljarðar. Sé þessari upphæð deilt eftir höfðatölu koma 4.4 milljarðar í hlut Reykjavíkur. Aðrar framkvæmdir í Reykjavík eru um 1 milljarður.

Sérstakt framlag til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu eru 10.2 milljarðar á tímabili samgönguáætlunar með fyrirvörum um árangur. Hluti Reykjavíkur miðað við höfðatölu verður um 6 milljarðar.

Íbúafjöldi í Reykjavík er um 37% af landinu í heild en framlög sem merkt eru Reykjavík eru um 12%.

Þess er krafist að hlutur Reykjavíkur verði réttur.